



Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2002

Vísað er til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar, dags. 13. þ.m., þar sem óskað er eftir umsögn Biskupsstofu um frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 371. mál. Frumvarp þetta hefur hlotið umfjöllun Kirkjuþings, sbr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, (Gerðir Kirkjuþings 2001, 23. mál bls. 82) eins og getið er um í athugasemdum við lagafrumvarpið. Frumvarpinu hefur verið breytt til samræmis við úrlausn Kirkjuþings. Þó hefur ekki tillaga Kirkjuþings um að í stað orðsins “yfirumsjón” í 1. ml. 1. mgr. 11. gr. laganna komi “tilsjón”, verið tekin til greina, því að í 3. gr. frumvarpsins í núverandi mynd er hugtakið “yfirumsjón” notað. Þykir því rétt að áréttta þessa samþykkt Kirkjuþings og beina því til háttvirtrar allsherjarnefndar að breyta orðalagi ákvæðisins til samræmis við samþykkt Kirkjuþings.

Þá er bent á að endurskoða þarf gildistökuákvæði frumvarpsins.

Með skírskotun til þess sem hér hefur verið rakið er mælt með því að frumvarpið verði lögum svo breytt.

Virðingarfyllst, f.h. Kirkjuráðs

Guðmundur Þór Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs